



Hagstofa Íslands

Alþingi  
Erindi nr. P 134/7  
komudagur 6.6.2007

Júní 2007

## Ráherrar Hagstofu Íslands 1914-2005

### 1914-1916

Á þessu tímabili var aðeins einn ráðherra, ráðherra Íslands, en samkvæmt stofnlögum Hagstofunnar heyrði hún beint undir ráðherrann.

### 1917-1969

Í ársbyrjun 1917 var ráðherrum fjölgað úr einum í þrjá. Stjórnarráðið var endurskipulagt og embætti landritara lagt niður. Deildir Stjórnarráðsins eða skrifstofur höfðu verið þrjár auk Hagstofunnar. Með auglýsingu nr. 12, 31 mars 1917 segir: "Við hlið fjarmáladeildar starfar Hagstofan sem sérstök stofnun, og stendur hún beint undir þeim ráðherra sem fer með fjármálin".

### 1969-2005

Með bréfi forsætisráðherra til hagstofustjóra 15. október 1956, birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 112 1956, er því lýst yfir að Hagstofa Íslands sé "í raun rétttri ráðuneyti hliðstæð öðrum stjórnardeildum undir fjármálaráðherra". Síðar segir að ríkisstjórnin lýsi því nú yfir "að héðan í frá (skuli) staða Hagstofunnar vera í einu og öllu hin sama og staða annarra ráðuneyta, bæði gagnvart ríkisstjórninni sjálfri, öðrum ráðuneytum og öllum öðrum aðilum sem, Hagstofan (eigi) skipti við." Þessi yfirlýsing breytti ekki sambandi fjármálaráðherra og Hagstofunnar eins og lagt var fyrir um í auglýsingu nr. 12/1917.

Þessi lögformlega staða hélst þar til út voru gefin lög um Stjórnarráð Íslands nr. 73 28. maí 1969. Í þeim lögum er Hagstofa Íslands talin eitt 13 ráðuneyta í Stjórnarráðinu. Síðar sama ár var birt auglýsing nr. 96 31. desember 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Í reglugerðinni er kveðið á um verkaskiptingu milli ráðuneyta og eru verkefni Hagstofunnar þar talin upp í 6. gr. Eftir setningu Stjórnarráðs-reglugerðarinnar var farið að birta auglýsingar um með hvað ráðuneyti hver ráðherra fari og leystu þær af hólmi fyrri forsetaúrskurði um einstök verkefni ráðherra.

Frá þessu tíma hafa eftirtaldir menn verið ráðherrar Hagstofu Íslands:

Tímabil	Ráðherra	Annað ráðun. ráðherrans	Ráðuneyti
1914-1917	Ráðherra Íslands		
1917-1969	Fjármálaráðherra		
31/12/1969	Magnús Jónsson	(fjármálaráðherra)	Ráðun. Bjarna Benediktssonar og Jóhanns Hafstein
14/7/1971	Magnús Torfi Jónsson	(menntamála)	Ráðun. Ólafs Jóhannessonar
1974-1978	Geir Hallgrímsson	(forsætis)	Ráðun. Geirs Hallgrímssonar
1978-1978	Ólafur Jóhannesson	(forsætis)	Ráðun. Ólafs Jóhannessonar.
1979-1980	Sighvatur Björgvinsson	(fjármála)	Ráðun. Benedikts Gröndal
1980-1983	Gunnar Thor.	(forsætis)	Ráðun. Gunnars Thoroddsen
1983-1985	Matthías Á. Matthiesen	(viðskipta)	Ráðun. Steingríms Hermannssonar
1985-1987	Þorsteinn Pálsson	(fjármála)	Ráðun. Steingríms Hermannssonar
1987-1988	Jón Sigurðsson	(dóms, viðskipta)	Ráðun. Þorsteins Pálssonar
1988-1989	Steingrímur Hermannsson	(forsætis)	Ráðun. Steingríms Hermannssonar
10/9/89-23/2/90	Júlíus Sólnes		Ráðun. Steingríms Hermannssonar
23/2/90-30/4/91	Steingrímur Hermannsson	(forsætis)	Ráðun. Steingríms Hermannssonar
30/4/91-15/9/04	Davíð Oddsson	(forsætis)	Ráðun. Davíðs Oddssonar
15/9/04-27/9/05	Davíð Oddsson	(utanríkis)	Ráðun. Halldórs Ásgrímssonar
27/9/05-15/6/06	Halldór Ásgrímsson	(forsætis)	Ráðun. Halldórs Ásgrímssonar
15/6/06-	Geir H. Haarde	(forsætis)	Ráðun. Geirs H. Haarde